

Mjölið framleitt með rafmagni

● Ný fiskimjölsverksmiðja HB Granda á Vopnafirði er knúin með raforku ● Lokaáfangi uppbyggingar starfseminnar ● Hágæðamjöl framleitt á hagkvæmari hátt ● Mikil vinna við uppbygginguna



Eftir Helga Bjarnason
helgi@mbl.is

FISKIMJÖL og lýsi verður framleitt með raforku í nýrri verksmiðju HB Granda á Vopnafirði. Mikil vinna er á Vopnafirði í kringum byggingu fiskimjölsverksmiðjunnar.

Frá því Tangi á Vopnafirði sam-einaðist HB Granda fyrir tæpum fimm árum hefur uppsjávarmiðstöð fyrirtækisins verið byggð upp á Vopnafirði í áföngum. Þar er nú góð og afkastamikil aðstaða til mannelisvinnslu á loðnu og síld og öflugt frystihús og stór frystigeymsla. Síðasti áfanginn er bygging nýrrar fiskimjölsverksmiðju. Nýtt eru tæki úr gömlu verksmiðjunni og úr af-lagðri fiskimjölsverksmiðju fyrirtækisins í Reykjavík og stórt hús byggt yfir verksmiðjuna. Yfir gnæfa tíu 22 metra háir mjóltankar sem vöktu athygli þegar þeir voru fluttir sjóleiðina frá Reykjavík.

Meðal bygginganna sem risið hafa er nýtt ketilhús yfir rafskautaketil sem leysir olúketil af hölmi. Sveinbjörn Sigurðsson verksmiðjustjóri telur að fiskimjölsverksmiðjan sé fyrsta verksmiðjan á Íslandi sem hægt er að reka eingöngu með raforku. Samið hefur verið um kaup á afgangorku frá RARIK. Hún er ódýrari en olían og er þetta því hagkvæmt fyrir reksturinn. Þegar svo skrúfað verður fyrir rafmagn á álagstímum verður skipt yfir á olúketilinn til að bræða hráefnið.

Fiskimjölsverksmiðjan er drifin áfram af endurnýjanlegum orku-gjafa í stað innflutts jarðefnaeldsneytis.

Hágæðaafurðir

Nýja verksmiðjan afkastar meiru en sú gamla en Sveinbjörn segir að ekki skipti minna máli að hægt verði að framleiða mjöl í mestu gæðum og auka þannig verðmæti afurðanna. Hann segir mikið lagt upp úr góðum mengunarförnum og aðstöðu fyrir starfsfólkið.

Heildarkostnaður við uppbyggingu HB Granda á Vopnafirði verður vel á þriðja milljarð króna, samkvæmt upplýsingum Eggerts Benedicts Guðmundssonar, forstjóra HB Granda.



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Framkvæmdir Mikið er um að vera í Vopnafjarðarhöfn. Þar rís ný fiskimjölsverksmiðja með tilheyrandi umröti. Á sama tíma er verið að landa loðnu, bræða hana í gömlu verksmiðjunni og skipa út tilbúnum afurðum. Mjóltankarnir frægu eru komnir á sinn stað, tilbúnir að taka við mjöli úr nýju verksmiðjunni.



Stjóri Sveinbjörn Sigurðsson er verksmiðjustjóri hjá HB Granda.

Eitt tekur við af öðru

- Allar tegundir uppsjávarfisks eru dyntóttar og aldrei hægt að ganga að neinu visu.
- Loðnan veidist yfirleitt fyrstu þrjú mánuði ársins.
- Þá tekur kolmunninn við, fram í júní.
- Sótt er í norsk-íslenska síld frá byrjun júní og fram eftir hausti.
- Makrillinn er góð viðbót og veidist mest við Ísland á sumrin.
- Íslenska sumargotssíldin hefur veidist á haustin.
- Þá eru bundnar vonir við nýja nytjategund, gulldeplu.

Stefnt er að því að verksmiðjan verði tilbúin til notkunar í janúar, á loðnuvertíð. „Ef makrillinn verður þá ekki búinn að éta alla loðnuna,“ segir Sveinbjörn og vísar til frétta af miklum makrillgöngum sem meðal annars liggja í loðnunni. Gamla verksmiðjan er keyrð á meðan á byggingu nýju verksmiðjunnar stendur.

„Þetta er gríðarlega mikilvægt. Störfum fjölga ekki en hagkvæmni eykst, við getum framleitt verðmæt- ar afurðir og mætt miklum og vaxandi kröfum sem gerðar eru til starfseminnar,“ segir Sveinbjörn.

Höfnin er grundvöllur

Vopnafjarðarhreppur og ríkið hafa lagt sitt af mörkum til uppbyggingarinnar. Á síðasta ári lauk miklum framkvæmdum við höfnina. Þar

er nú 250 metra viðlegukantur með 10 metra dýpi þannig að stóru loðnu- skipin geta alltaf lagst að bryggju. „Við erum heppin að hafa verið búin að gera þessa góða hafnaraðstöðu. Hún er grundvöllur þess að hér er hægt að byggja upp öflugan sjávar- útveg til framtíðar og auka atvinnu- öryggi,“ segir Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri.

Vélsmiðjan Héðinn annast alla þætti uppbyggingar fiskimjölsverksmiðju HB Granda en hefur ráðið undirverktaka í ýmis verk. Margir heimamenn hafa fengið vinnu við framkvæmdirnar og tekur Þorsteinn undir þau orð að það sé mikil inn- spýting í atvinnulíf. „Þessar fram- kvæmdir koma á mjög góðum tíma, í verstu kreppunni, og skapa mörgum vinnu,“ segir Þorsteinn.

TUDOR frístundarafgeymir + **CTEK** hleðslutæki = **Rafmagnað frí... ár eftir ár**

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

Mesta úrval landsins af rafgeymum fyrir húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi

Millifærðu hundruð milljóna milli landa

Mælt með að FME fylgi málinu eftir

FYRRVERANDI forstjórar Glitnis, Lárus Welding og forveri hans Bjarni Ármannsson, millifærðu hundruð milljóna króna af reikningum sínum í bankanum, skömmu fyrir hrunið sl. haust. Þetta kemur fram í skýrslu endurskoðunarfy- irtækisins Ernst og Young.

Skýrslurnar hafa ekki verið gerð- ar opinberar en fréttastofa RÚV kveðst hafa undir höndum hluta skýrslunnar um Glitni. Lárus færði nánast allt af reikningum sínum í bankanum, 318 milljónir kr. en auk þess fannst 325 milljóna kr. færsla til Bretlands á nafni eiginkonu Lár- usar. Endurskoðendurnir mæla með að FME fylgi málinu eftir.

Skv. skýrslunni millifærði Bjarni 262 milljónir króna í nokkrum færslum. Hæsta upphæðin, 85 mill- jónir, var millifærð tæpri viku áður en bankinn var ríkisvæddur. Árni



Forstjóraskipti Lárus Welding tekur við af Bjarna Ármannssyni.

Tómasson, formaður skilaneftar Glitnis, sagðist í gærkvöldi ekki geta tjáð sig um frétt RÚV. Efni skýrslunnar sem vísað var til í frétt- inni væri trúnaðarmál.

Jóhann Unnsteinsson, hjá Ernst og Young á Íslandi, sagðist heldur ekki geta tjáð sig um skýrsluna.

Talsmaður Bjarna Ármanns- sonar vildi ekki tjá sig að svo stöddu.